

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 143/2009

frá 4. desember 2009

um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) XIII. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 110/2009 frá 22. október 2009 ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 68/2009 frá 23. janúar 2009 um niðundu aðlögun að tækniframförum á reglugerð ráðsins (EBE) nr. 3821/85 um að taka upp skráningarbúnað í ökutækjum í flutningum á vegum ⁽²⁾.
- 3) Fella ber inn í samninginn tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2009/4/EB frá 23. janúar 2009 um gagnaðgerðir til að koma í veg fyrir og greina hvort átt hafi verið við ökuritaskrár og um breytingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/22/EB um lágmarksskilyrði fyrir framkvæmd reglugerða ráðsins (EBE) nr. 3820/85 og (EBE) nr. 3821/85 varðandi félagsmálalöggjöf er varðar flutningastarfsemi á vegum og um niðurfellingu á tilskipun ráðsins 88/599/EBE ⁽³⁾.
- 4) Fella ber inn í samninginn tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2009/5/EB frá 30. janúar 2009 um breytingu á III. viðauka við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/22/EB um lágmarksskilyrði fyrir framkvæmd reglugerða ráðsins (EBE) nr. 3820/85 og (EBE) nr. 3821/85 varðandi félagsmálalöggjöf er varðar flutningastarfsemi á vegum ⁽⁴⁾ með leiðrétt-ingum sem birtust í Stjtið. ESB L 256, 29.9.2009, bls. 38.
- 5) Fella ber inn í samninginn tilmæli framkvæmdastjórnarinnar 2009/60/EB frá 23. janúar 2009 um viðmiðunarreglur um bestu starfsvenjur við framkvæmd að því er varðar eftirlit með skráningarbúnaði sem á að fara fram við vegaeftirlit eða á viðurkenndu verkstæði ⁽⁵⁾.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

XIII. viðauki við samninginn breytist sem hér segir:

1. Eftirfarandi undirliður bætist við í 21. lið (reglugerð ráðsins (EBE) nr. 3821/85):

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 334, 17.12.2009, bls. 10, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 68, 17.12.2009, bls. 10.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 21, 24.1.2009, bls. 3.

⁽³⁾ Stjtið. ESB L 21, 24.1.2009, bls. 39.

⁽⁴⁾ Stjtið. ESB L 29, 31.1.2009, bls. 45.

⁽⁵⁾ Stjtið. ESB L 21, 24.1.2009, bls. 87.

„– **32009 R 0068**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 68/2009 frá 23. janúar 2009 (Stjtíð. ESB L 21, 24.1.2009, bls. 3).“

2. Eftirfarandi bætist við í lið 21a (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/22/EB):

„eins og henni var breytt með:

– **32009 L 0004**: Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2009/4/EB frá 23. janúar 2009 (Stjtíð. ESB L 21, 24.1.2009, bls. 39),

– **32009 L 0005**: Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2009/5/EB frá 30. janúar 2009 (Stjtíð. ESB L 29, 31.1.2009, bls. 45) með leiðréttingum sem birtust í Stjtíð. ESB L 256, 29.9.2009, bls. 38.“

3. Eftirfarandi liður bætist við á eftir 95. lið (tilmæli framkvæmdastjórnarinnar 2004/358/EB):

„96. **32009 H 0060**: Tilmæli framkvæmdastjórnarinnar 2009/60/EB frá 23. janúar 2009 um viðmiðunarreglur um bestu starfsvenjur við framkvæmd að því er varðar eftirlit með skráningarbúnaði sem á að fara fram við vegæfirlit eða á viðurkenndu verkstæði (Stjtíð. ESB L 21, 24.1.2009, bls. 87).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerðar (EB) nr. 68/2009, tilskipana 2009/4/EB og 2009/5/EB, með leiðréttingum sem birtust í Stjtíð. ESB L 256, 29.9.2009, bls. 38, og tilmæla 2009/60/EB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 5. desember 2009, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 4. desember 2009.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

O.H. Sletnes

formaður.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.